

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

fundaði þriðjudaginn 15. júní 2021 kl. 08:30 í fjarfundi.

Mætt: Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH, Magnús Árnason forstöðumaður Skíðasvæðanna, Björg Fenger fulltrúi úr Samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, og Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR.

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri hjá Kópavogsbæ og Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar boðuðu forföll.

Gestir: Einar Kristján Stefánsson ráðgjafi hjá VSÓ og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögmaður SSH.

- 1) **Farið yfir bréf frá stjórn SSH dagsett 10.júní 2021 en þar kemur fram bókun stjórnar frá 7.júní er varðar Gönguskíði – uppbygging aðstöðu.**

Stjórn (SSH) samþykkir að veita allt að 50 milljónum kr af verkefnafé samkvæmt samkomulagi um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til þessa verkefnis. Er verkefnahópi vegna uppbyggingar og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins falið að hefja undirbúnings- og framkvæmdaferli vegna þess verkefnis í samræmi við fyrirliggjandi áætlun, með það að markmiðið að verkefni verði lokið fyrir næsta vetur.

Lagt fram og kynnt.

- 2) **Deiliskipulag Bláfjallasvæðis m.t.t. uppbyggingar aðstöðuhúss.**

Uppbygging aðstöðuhúss sbr. lið 1. Farið yfir möguleika og skoðun á því hvort óska þurfi eftir breytingu á deiliskipulagi svæðisins eða hvort um minniháttar breytingu sé að ræða. Farið yfir þann möguleika að aðstöðuhúsið rúmist innan byggingareits þar sem byggja á upp aðstöðuhús Ullar.

Niðurstaða:

Magnúsi í samráði við Einar VSÓ falið að skoða möguleikana með Landslagi er varðar skipulagsmál svæðisins m.t.t. aðstöðunnar. Farið verði yfir málið með Kópavogsbæ.

- 3) **Aðstöðuhús og lagnir.**

Bjóða þarf út byggingu aðstöðuhússins. Til eru útboðsgögn af svipuðu húsi sem byggt var við Esjurætur.

Niðurstaða:

Magnúsi í samráði við Einar VSÓ og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar falið að yfirfara fyrirliggjandi útboðsgögn og leggja fyrir verkefnahópinn. Farið verði yfir þarfir svæðisins hvað aðstöðuhúsið varðar og horft til þarfa fatlaðra, þjónustu hússins o.fl.

Verðfyrirspurn verður gerð er varðar veitur og lagnir. Þegar hefur verið hafin skoðun með Ferli hf um uppfærslu á gögnum vegna þessa ásamt því að fyrirtækið hefur skoðað aðstæður í Bláfjöllum.

Niðurstaða:

Magnúsi í samráði við Einar VSÓ og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar falið að útbúa verðfyrirspurnargögn sem málið varðar og leggja fyrir verkefnahópinn.

4) **Uppbygging skýðaaðstöðu í Skálafelli.**

Umræða um málið en vísað til umræðu á síðasta fundi verkefnahópsins.

Niðurstöður vinnu vegna fundaliða 2, 3 og 4 lögð fyrir fund verkefnahóps um leið og niðurstöður liggja fyrir.

5) **Önnur mál.**

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 23.júní kl: 13.

Fundi slitið 10:35. Fundargerð ritar Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.